

THE END

RAGNAR KJARTANSSON
THE PAVILION OF ICELAND
07.06. – 22.11. 2009



Fréttatilkynning

Feneyjatvíæringurinn
Íslenski skálann á hinni
53. alþjóðlegu listsýningu

Listamaður
Ragnar Kjartansson
Heiti verks
THE END

Staður
Palazzo Michiel dal Brusà

Heimilisfang
Cannaregio 4391/A
(við Strada Nova)

Stoppistöð áætlanarbáta
Ca' d'Oro

Formleg opnun
5. júní, 2009, kl 19:00

Foropnunardagar
3. – 6. júní, 2009

Tekjið á móti blaðamönnum
5. júní, 2009, kl 10:00

Opnunartímar
4. – 13. júní 2009
10:00 – 20:00

14. júní – 22. nóvember 2009
Þriðjudaga – sunnudaga,
10:00 – 19:00

www.cia.is/venice

Tónleikar

17. og 18. júní, 2009
Amina, Kippi Kaninus & Maggi

Fulltrúi Íslendinga á Feneyjatvíæringnum, 2009, er listamaðurinn Ragnar Kjartansson. Hann er kunnur fyrir fjölbreytt verk sín sem eiga rætur að rekja í ólíka miðla, m.a. leikhús, tónlist, málverk og gjörninga. Auk þess að miðla í myndlist sinni rómantísku lífsviðhorfi á einlægan máta, nýtir Ragnar sér gjarnan markviss form og þaulhugsaða tækni til að tendra samband listamanns, verks og áhorfenda. Þannig má segja að hann vegi salt á milli hins háfleyga málara Caspar David Friedrichs og tvíeykisins Gilberts og George sem sækja öllum stundum í hversdagsleikann. Á sýningunni í Feneyjum verður verkið *The End* kynnt til sögunnar. Það er í tveimur hlutum og spannar epískar víddir í tíma og rúmi. Annars vegar er gjörningur þar sem listamaðurinn dvelur sýninguna á enda við málaraíðju og hins vegar myndbands- og tónlistarinnsetning á fimm sýningartjöldum.

Ragnar innréttar listmálarastúdíó í hinni fögru byggingu sem hýsir íslenska skálann. Hún er frá fjórtándu öld og má muna sinn fifil fegurri, rýmið er glæsilegt en hrátt. Þar sem það vísar beint út að Canale Grande sýkinu endurkastast merlandi hafflöturinn innandyra og öldugjálfríð ómar. Þarna mun listamaðurinn starfa í hálf ár og mála hverja myndina á fætur annarri af ungum manni sem dvelur með honum allan tímann. Fyrirsætan er á sundskýlu, reykir og sötrar bjór. Málverkin safnast saman upp um alla vegg og í stöflum á gólfinu þar sem háflóðið (sem flæðir reglulega inn á gólf) reynir að sökkva þeim. Í nærliggjandi rými ríkir álíka einkennilegt tímaleysi og á vinnustofu listamannsins. Fimm kvikmyndir, hver á sínu tjaldi eins og málverk á sýningu, sýna samspil hljóðfæraleiks og söngs. Ragnar er staddur úti undir beru lofti um hávetur í ægífögru landslagi Klettafjallanna í Kanada. Þar leikur hann í félagi við annan mann langa og óræða sveitatónlist og hver mynd sýnir ólík hljóðfæri í áventýrlegu umhverfi sem saman móta eina heild.

Hin tvö ólíku rými skapa hrópandi andstæður, þótt bæði séu bundin í tímalausri hringrás. Hvort tveggja sýnir ólíkar leikmyndir þar sem Ragnar fremur verk sín. Feneyjar eru táknmynd menningarinnar, áfangastaður fjölda ferðamanna sem þangað koma til að njóta borgarinnar eins og risastórs safns. Klettafjöllin eru táknmynd hinnar villtu náttúru, en um leið varðveitt sem þjóðgarður og aðkomufólki gert að njóta þeirra sem slíks. Ragnar og mótleikarar hans kallast á í gjörning innan þessara leiksviða, myndlistarmaðurinn Páll Haukur Björnsson sem situr fyrir hjá Ragnari og tónlistarmaðurinn Davíð Þór Jónsson sem flytur með honum hina angurværu tónlist. Áhorfendur sem munu heimsækja íslenska skálann í sumar og haust munu upplifa togstreitu augnabliksins sem þrátt fyrir að vera svo óraunverulegt talar til þeirra skýru máli þá og þegar.

Sýningunni verður fylgt úr hlaði með veglegri bók sem kemur út hjá hinu þýska forlagi, Hatje Cantz. Bókin ber einnig heitið *The End*, en þar er að finna texta eftir sýningarstjóra úr ólíkum áttum sem fjalla um eldri verk Ragnars, viðtal við listamanninn auk bréfaskipta hans við sænska listamanninn Andjeas Ejiksson sem lýsa aðdraganda verksins. Þar kemst Andjeas svo að orði:

„Ég sé skálann í Feneyjum fyrir mér eins og vita á heimsenda sem gín yfir tóminu. Öldur á höttunum á eftir týndum sálum og mistur við sjóndeildarhringinn varna því að þig sundli á barmi hlydþisins. Hafði ber ekkert nafn og á bryggjunni situr maður án örлага.“

Skáli Íslendinga er sá sami og árið 2007 en nú bregður svo við að skáli Singapur verður á næstu hæð fyrir ofan. Feneyjatvíæringurinn sprengdi fyrir löngu hina hefðbundnu sýningargarða þar sem flestir þjóðarskálarnir eru saman komnir. Nú eru langtum fleiri þjóðir með skála sína í húsnæði út um alla borg og að þessu sinni eru fjölmargir þjóðarskálur í námunda við hinn íslenska.

THE END

RAGNAR KJARTANSSON
THE PAVILION OF ICELAND
07.06. – 22.11. 2009



Fréttatilkynning

Feneyjatvíæringurinn Íslenski skálinn á hinni 53. alþjóðlegu listsýningu

Ragnar Kjartansson fæddist 1976 og útskrifaðist úr Listaháskóla Íslands árið 2001. Þá strax vakti hann athygli og hefur síðan haldið tólf einkasýningar í fimm löndum og tekið þátt í nær þrjátíu samsýningum víða um heim. Hann hefur fengist við ýmsa miðla – myndbönd, innsetningar, skúlptúr og málverk – en lítur fyrst og fremst á sig sem gjörningalistamann og fer ekki í felur með að þar njóti hann uppeldisins hjá foreldrum sínum, Guðrúnu Ásmundsdóttur leikkonu og Kjartani Ragnarssyni leikara og leikstjóra. Jafnframt myndlistinni hefur Ragnar starfað í tónlist, nú síðustu árin með hljómsveitinni *Trabant*. Hann hefur náð skjótum þroska og frama á myndlistarferli sínum og hefur óvenju sterk og skýr höfundareinkenni svo jafnvel þekkist úr á alþjóðlegum vettvangi.

Síðasta einkasýning Ragnars á Íslandi, *Guð*, var í Nýlistasafninu haustið 2007 og var hún tilnefnd til Sjónlistarverðlaunanna árið 2008. Þar var um að ræða stóra innsetningu með myndbandsverki þar sem Ragnar sjálfur stóð þróðbúinn á sviði fyrir framan gamaldags ballhljómsveit og söng með tilþrifum í eilífri endurtekningu sama stefið: *Sorrow conquers happiness* (sorgin sigrar hamingjuna).

Ragnar er yngsti listamaður Íslendingar hafa sent á Tvíæringinn. Val á fulltrúa Íslendinga á Feneyjatvíæringinn var í höndum fagráðs Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar (CIA.IS), en fagráðið skipa: Christian Schoen, forstöðumaður Kynningarmiðstöðvarinnar, Hafþór Yngvason, forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur og Rúrí, myndlistarmaður og fulltrúi SÍM. Gestir nefndarinnar við valið voru Halldór Björn Runólfsson, forstöðumaður Listasafns Íslands, og Kristján Steingrímur Jónsson, deildarstjóri myndlistardeildar Listaháskóla Íslands.

Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar (CIA.IS) hefur umsjón með þátttöku Íslendinga í Feneyjatvíæringnum fyrir hönd menntamálaráðuneytisins. Framkvæmdarstjóri verkefnisins er Christian Schoen. Aðstoðarmaður framkvæmdastjóra er Rebekka Silvía Ragnarsdóttir. Með sýningarstjórn fara Markús Þór Andrésson og Dorothee Kirch.

Gallerí listamannsins eru ið gallerí Reykjavík, í Evrópu og Luhring Augustine í New York, Bandaríkjunum. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Kynningarmiðstöðvarinnar: www.cia.is/venice

Verkefnið er styrkt af menntamálaráðuneytinu, Luhring Augustine Gallerí, ið gallerí, The Banff Centre, utanríkisráðuneytinu, Hafnarfjarðarbæ, Inn Fjárfesting, Iceland Express og Island Tours.

Verkin frá sýningunni The End í Feneyjum verða sýnd í Hafnarborg, Menningar- og listamiðstöð Hafnarfjarðar í febrúar/mars 2010.